

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA



BYGGÐASAFN  
ÁRNESINGA

6. fundur stjórnar Byggðasafns Árneseinga var haldinn þriðjudaginn 30. maí 2023 kl. 13,20 í sal Búðarstígs 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir og Árni Eiríksson. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. **Byggðasafn Árneseinga 70 ára.** Þann 1. júní 1953 hóf Skúli Helgason frá Svínavatni að skrá gripi til Byggðasafns Árneseinga í aðfangabók. Safnið er því 70 ára um þessar mundir. Ásgrímsleiðin er liður í afmæli safnsins og vefsýning á síðunni [www.sarpur.is](http://www.sarpur.is). Safnstjóri hefur einnig minnt á þessi tímamót með greinaskrifum. Opið hús verður í október í tilefni afmælisins.

2. **Búðarstígur 22 – lokaúttekt.** Safnstjóri sagði frá tilurð og stöðu mála. Tvö ár eru frá því framkvæmdum lauk en lokaúttekt er eftir. Stjórn safnsins felur safnstjóra og Samúel Smára Hreggviðssyni hönnuði verksins að afgreiða málið eins fljótt og auðið er.

3. **Yfirlýsing um breytingu á lóðarleigusamningi.** Með lóðarleigusamningi, dags. 1. október 1984, var Einarshöfn hf. leigð lóð úr lendum hreppsins Eyrarbakka (nú Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029), nr. 22 við Búðarstíg, landnúmer 165901.

Rétthafar samkvæmt lóðarleigusamningi þessum eru nú Byggðasafn Árneseinga, kt. 450464-0159 og Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029.

Aðilar lýsa því yfir að framangreindum lóðarleigusamningi sé breytt þannig, að hann fellur úr gildi vegna eftirfarandi lóðarluta: lóð 77,2 fermetrar að stærð, landnúmer 235234, sem sveitarfélagið hefur leigt til HS veitna ehf., kt. 431208-0590, með lóðarleigusamningi dags. 12. apríl 2023, en mörk lóðarinnar eru á lóðarblaði sem honum fylgir.

Stærð lóðarinnar að Búðarstíg 22, Sveitarfélaginu Árborg, skv. lóðarleigusamningi dags. 1. október 1984 minnkar því skv. framanrituðu um 77,2 fermetra. Að öðru leyti skal lóðarleigusamningur, dags. 1. október 1984 standa óhaggaður.

Stjórn Byggðasafns Árneseinga veitir Lýði Pálssyni safnstjóra, kt. 300666-2999 heimild til að undirrita til staðfestu yfirlýsingu um breytingu á lóðarleigusamningi.

4. **Leigu- og þjónustusamningar.** Samþykkt að fela safnstjóra að draga saman allar upplýsingar um gildandi þjónustu- og leigusamninga sem safnið á aðild að og leggja fyrir næsta fund.

5. **Rekstur safnsins.** Stjórn safnsins verður sent sex mánaða uppgjör í júlí.

6. **Starfsemin.** Um þessar mundir koma gestir ört á safnið, einkum skólahópar og erlendir ferðamenn, einnig þeir sem fara Ásgrímsleiðina á eigin vegum og koma við á safninu. Mikill tími fer í að skipuleggja skólaheimsóknir og verið er að vinna að gerð næstu sýningar í borðstofu sem opnar seint í júlí. Verið er að móta nýja heimasíðu sem fer í loftið þegar hún er tilbúin. Söfnin eru opin alla daga og þjálfun nýs sumarstarfsfólks hefur tekist vel. Framundan eru sumarorlofstímar hjá fagmenntuðu starfsfólki en að leyfum loknum tekur við innra starf við nýskráningu og umsýslu safnmuna.

7. **Næsti fundur.** Næsti fundur verður ákveðinn síðar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14,30.

Sandra Sigurðard.  
Þórhildur Ingvadóttir  
Árni Eiríksson